

Formaður SLFÍ Kristín Á. Guðmundsdóttir er nú stödd á þingi Alþjóðasamtaka opinberra starfsmanna (PSI) í Durban í Suður-Afríku ásamt formanni BSRB og fleiri fulltrúum aðildarfélaganna innan BSRB. Yfirskrift þingsins að þessu sinni er: **Í þágu fólksins**. Slík alþjóðleg þing eru haldin á fimm ára fresti, en alls eru um 1200 manns frá meira en 150 löndum á þinginu. Innan vébanda samtakanna eru 20 milljón opinberir starfsmenn um heim allan. Sjá nánar hjá BSRB.is um þingið og framvindun þess.